AUGLÝSING

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkt að áskilja Ísafjarðarkaupstað forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan marka kaupstaðarins vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags einstakra hverfa.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.